

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/76/02

frá 14. júlí 2005

um breytingu á ákvörðun 2004/292/EB um að taka upp Traces-kerfið og um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE(\*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 2663)

(2005/515/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 92/438/EBE frá 13. júlí 1992 um tölvuvæðingu dýraheilbrigðisreglna um innflutning (Shift-áætlunin), breytingu á tilskipunum 90/675/EBE, 91/496/EBE, 91/628/EBE og ákvörðun 90/424/EBE og niðurfellingu á ákvörðun 88/192/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB frá 30. mars 2004 um að taka upp Traces-kerfið og um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE <sup>(3)</sup> er kveðið á um að öll samræmd heilbrigðis- og innflutningsskjöl fyrir dýr og dýraafurðir skuli skráð í Traces-kerfið frá 30. júní 2005.
- 2) Tafír hafa orðið við innleiðingu rafræns kerfis án beinlínutengingar til gagnaskráningar svo að unnt sé að ráða við stóraukið vinnuálag og þróun viðmóts sem gerir kleift að hafa samskipti milli innlendra kerfa og Traces-kerfisins.

- 3) Taka mun tíma fyrir aðildarríkin að þjálfa vöruflutningsaðila til að tryggja að þeir taki virkan þátt í að færa upplýsingar inn í Traces-kerfið.
- 4) Því þykir rétt að fresta þeim degi sem samkvæmt tilskipun 2004/292/EB er miðað við að skráning allra samræmdra heilbrigðis- og innflutningsskjala fyrir dýr og dýraafurðir í Traces-kerfið verði skyldubundin.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í 3. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2004/292/EB komi dagsetningin „31. desember 2005“ í stað „30. júní 2005“.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. júlí 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 187, 19.7.2005, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2006 frá 22. september 2006 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 60, 30.11.2006, p. 1.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/33/EB (Stjtið. EB L 315, 19.11.2002, bls. 14).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 243, 25.8.1992, bls. 27. Ákvörðuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 63. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2005/123/EB (Stjtið. ESB L 39, 11.2.2005, bls. 53).